

Sþ.

1180. Tillaga til þingsályktunar

um framkvæmd laga nr. 9 frá 1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jóhann Jósefsson, Pétur Ottesen, Sigurður Kristjánsson, Sigurjón Á. Ólafsson.

Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim skilningi sínum á lögum nr. 9 frá 1944, að styðja beri smíði opinna vélbáta með styrkjum eða lánnum úr styrktar- og lána-sjóði fiskiskipa hlutfallslega jafnt og smíði annarra vélbáta.

Greinargerð.

Óhjákvæmilegt er, að Alþingi segi álit sitt um það, hvort útiloka beri, að studd sé smíði opinna vélbáta með styrkjum eða lánnum úr styrktar- og lána-sjóði fiskiskipa.

Nefnd sú, sem kosin var samkvæmt lögum nr. 9 frá 1944 til þess að ráðstafa fé sjóðsins, virðist telja rétt að styrkja ekki smíði opinna vélbáta, en Fiskifélag Íslands, sem ætlað er að vera með í ráðum um ráðstöfun fjárins, er þeirrar skoðunar, að styrkja beri smíði þessara báta, enda var styrkur veittur til smíði slíkra báta af þeim 2 milljónum, sem fyrst voru veittar til stuðnings nýsmíði vélbáta.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja réttmætt að styðja smíði opinna vélbáta þar, sem sú tegund báta hentar, og er það skoðun þeirra, að sú hafi m. a. verið ætlun löggjafans og fjárveitingavaldsins, þegar ofanefnd lög voru sett og fé veitt til stuðnings nýbyggingu bátaflotans.

Opnir vélbátar eru sums staðar hentugir til fiskveiða, þótt víðast sé heppi-legra að hafa stærri fiskibáta og betur til stórræða búna. Þykir því sanngjarnt og réttlátt að styðja þá, sem koma sér upp slíkum bátum til fiskveiða.

Fjármagn þarf mjög lítið til þess að veita hlutfallslegan stuðning við smíði opinna vélbáta. Sá stuðningur, sem ætlaður er til smíði á einum stórum vélbát, mundi hrökkva til þess að styðja 20—25 opna vélbáta. Er því engin ástæða til að ætla, að eðlilegur stuðningur við nýsmíði opinna vélbáta dragi stórkostlegt fjármagn frá öðrum framkvæmdum.